

hennar yfir selda vinnu. Brot úr klukkustund reiknast sem heil klukkustund. Auk þess reiknast iðgjöld af vátryggingum á tækjum og ferðatryggingum.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt 5. gr. tilskipunar nr. 1 13. marz 1925, um mælitæki og vogaráhöld, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 98 1. júní 1964, um sama efni.

Atvinnumálaráðuneytið, 28. marz 1969.

Eggert G. Þorsteinsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

28. marz 1969.

Nr. 93.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna Jóns Guðmanns Geirssonar og Gróu Gísladóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 28. marz 1969.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð hjónanna Jóns Guðmanns Geirssonar og Gróu Gísladóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður hjónanna Jóns Guðmanns Geirssonar og Gróu Gísladóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Jóni Guðmanni Geirssyni með arfleiddslubrési dags. 5. apríl 1965, sem staðfest hefur verið með opinberri innköllun. Að liðnum innköllunarfresti hafði enginn gert tilkall til arfs eða skuldar í dánarbúið.

Hjónin Jón Guðmann Geirsson og Gróa Gísladóttir voru bæði Árnesingar að ætt. Jón Guðmann var fæddur á Reykjanesi í Grímsneshreppi 4. júlí 1885, dáinn 2. sept. 1966. Gróa var fædd í Arakoti í Skeiðahreppi 23. maí 1877, dáin 3. júní 1950. Þau bjuggu í Örnólfsdal í Þverárhliðarhreppi frá 1912—1943. Jón Guðmann átti síðast heimili á Sjóknarhóli 2 í Stokkseyrarhreppi.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins eru eftirlátnar eigur Jóns Guðmanns Geirssonar. Sjóðurinn nemur nú, að viðbættum vöxtum frá dánardegi, um 250 þúsund krónum.

4. gr.

Starfssvið sjóðsins er Þverárhliðarhreppur í Mýrasýslu. Skal sjóðnum varið bændum hreppsins til aðstoðar í harðindaárum, eða erfiðum árum um heyöflun, með stofnun fóðurbirgðastöðvar eða á hvern þann annan hátt, sem stjórn sjóðsins telur heppilegast á hverjum tíma, enda séu þær ráðstafanir í samræmi við aðal tilgang stofnanda sjóðsins.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má eigi skerða. Við hann skal bætt vöxtum þeim, sem til kunna að falla árlega.

6. gr.

Samkvæmt fyrirætlum stofnanda skal stjórn sjóðsins þannig skipuð: Hreppsnefndaroddviti Þverárhliðarhrepps skal jafnan eiga sæti í henni. Honum til aðstoðar skulu vera fyrst um sinn Eyjólfur Jómundsson í Örnólfsdal og Páll Jónsson, Bollagötu 5 í Reykjavík. Að þeim frágengnum skal sjóðnum stjórnað af hreppsnefnd Þverárhliðarhrepps. Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók og reikningur hans skal árlega endurskoðaður af þeim manni, sem kosinn er í hreppnum til að endurskoða sveitarsjóðsreikninginn.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og óskast hún síðan birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Nr. 94.

2. apríl 1969.

S A M Þ Y K K T I R**fyrir Vatnsveitufélag Hallfreðarstaða.**

1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélag Hallfreðarstaða. Heimili þess og varnarþing er í Hróarstunguhreppi, Norður-Múlasýslu.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að sjá meðlimum þess fyrir neyzluvatni.

3. gr.

Stofnendur félagsins eru eftirtaldir aðilar. Ábúendur á jörðunum Hallfreðarstöðum I, Hallfreðarstöðum II og Hallfreðarstaðahjáleiga.

4. gr.

Félagið byggir vatnsveituna og leggur að íbúðarhúsvegg hvers aðila.

5. gr.

Hver aðili á jafnan rétt á vatni til húsbæra og atvinnurekstrar.

6. gr.

Skylt er að taka nýja ábúendur í félagið sé nægilegt vatn fyrir hendi. Nýi félaginn greiði sama stofngjald og stofnfélagar. Þó verður ekki lögð lengri heimæð á kostnað félagsins en meðaltalslengd heimæða stofnfélaga.

7. gr.

Vatnsskatt skal innheimta árlega af öllum aðilum í félaginu og greiðist hann í hlutfalli við stofngjald eftir því sem þörf krefur.

8. gr.

Stjórn félagsins skipa 3 menn, formaður, ritari og gjaldkeri, kosnir á aðalfundi til eins árs í senn og einn til vara. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Árlega skal kjósa tvo endurskoðendur.